

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skrifstofa orkumála
urn@urn.is

Reykjavík, 10. febrúar 2026

Efni: Umsögn Samorku um áform um frumvarp til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (RED II)

1. Inngangur

Samorka þakkar tækifærið til að veita umsögn um um áform um frumvarp til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (RED II). Tilskipunin er hluti af hreinorkupakka Evrópu.

Samorka hefur um langt skeið lagt áherslu á að flýtt verði innleiðingu bæði RED II og RED III, sérstaklega að því er varðar einföldun leyfisveitingarferla. RED III, tilskipun (ESB) 2023/2413, tók gildi þann 20. nóvember 2023 með 18 mánaða innleiðingartíma. Sú tilskipun hefur því að fullu tekið gildi í Evrópu og leggur Samorka áherslu á að ráðuneytið taki til sérstakrar skoðunar að innleiða strax þann hluta RED III sem felur í sér verulega einföldun leyfisveitingarferla sem tengjast grænni orku.

Eins og fram kemur í inngangi um málið í Samráðsgátt eru helstu nýmæli RED II ákvæði um einföldun leyfisveitingarferla fyrir virkjanir sem framleiða orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum, ákvæði um hitaveitur, virka notendur sem framleiða og selja inn á kerfið, upprunaábyrgðakerfið sem fest er í sessi og auknar kröfur um upplýsingagjöf til almennings, þjálfun og vottunarkerfi fyrir aðila sem koma að uppsetningu hitakerfa og ákvæði um samfélög um endurnýjanlega orku („orkusamfélög“) þar sem kaupendur geta tekið þátt, framleitt og selt endurnýjanlega orku án þess að tapa rétti sínum sem neytendur.

Í umsögn þessari verður sjónum fyrst og fremst beint að ákvæðum RED II tilskipunarinnar sem lúta að einföldun leyfisveitinga og ákvæðum um virka notendur og orkusamfélög.

2. Leyfisveitingar- einföldun og tímatakmarkanir

Í áformum um lagasetninguna sem liggja í samráðsgátt kemur fram að breyta þurfi lagaákvæðum í lögum nr. 30/2008 um upprunaábyrgð á raforku, raforkulögum nr. 65/2003 og lögum nr. 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti. Þá segir „*einnig kann önnur löggjöf sem varðar leyfisveitingar að koma til skoðunar.*“

Samorka telur ljóst að breyta þurfi fjölda laga til að uppfylla kröfur tilskipunarinnar um einföldun leyfisveitingarferla.

Þannig mælir tilskipunin fyrir um það í 15. gr. að aðildarríki skuli tryggja að stjórnsýslumeðferðir séu einfaldar og þeim hraðað. Í 16. gr. eru skýr fyrirmæli um skipulag og lengd leyfisveitingarferlisins þar sem fram kemur að koma eigi á **einum tengilið** sem eigi að leiðbeina og greiða fyrir öllu stjórnsýsluferli við umsóknir um veitingu leyfa. Þá á leyfisveitingarferli almennt ekki að taka lengri tíma en **tvö ár**. Leyfisveitingar fyrir stöðvar minni en 150 kW skal skulu taka lengri tíma en eitt ár.

Framangreindum viðmiðum um að leyfisveitingarferli taki ekki meira en tvö ár verður ekki náð meðan lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru enn í gildi.

Þetta má glöggst sjá á því, að í frumvarpi sem nú liggur fyrir alþingi er lagt upp með að einfalda lög um verndar- og orkunýtingaráætlun þannig að einungis taki **24 mánuði** að fá niðurstöðu verkefnisstjórnar og koma henni til Alþingis¹. Í greinargerð sem fylgir framangreindu frumvarpi segir svo um afgreiðslu málsins í framhaldi af niðurstöðu verkefnisstjórnar: *Af augljósum ástæðum eru ekki lagðir til sérstakir tímafrestir fyrir meðferð þessara mála á Alþingi enda gilda þingskapalög um starfshætti þingsins.*

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sveitarstjórnir hafi frest í **sex ár** til að laga skipulagsáætlanir sínar að rammaáætlun.

Frumvarpinu um breytingar á rammaáætlun er ætlað að einfalda og stytta það ferli leyfisveitinga sem nú er í gildi, en af framangreindu má sjá að enn er gert ráð fyrir að afgreiðsla leyfis geti tekið **allt að 8 ár**.

Ef ná á 24 mánaða viðmiði RED II um leyfisveitingatíma til samræmis því sem gerist í öðrum Evrópuríkjum mun þurfa að gera veigamiklar breytingar á ferli rammaáætlunar og taka til skoðunar aðra löggjöf sem snýr að leyfisveitingum fyrir virkjunarframkvæmdum. Þar koma m.a. til skoðunar lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lög um lax- og silungsveiði, lög um náttúruvernd og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Samorka leggur áherslu á að vinna við nauðsynlega greiningu verði sett af stað hið fyrsta og hraðað eins og kostur er. Þungt og áralangt leyfisveitingaferli vegna framkvæmda í þágu grænnar orkuframleiðslu vinnur gegn samkeppnishæfni Íslands þegar önnur ríki búa við miklum mun skilvirkari stjórnsýslu.

Þá minnir Samorka á að með RED III hafa verið gerðar breytingar á 15. og 16. gr. RED II þannig að enn skýrari kröfur eru nú gerðar til leyfisveitingarferla fyrir endurnýjanlega orku og er þar meðal annars mælt fyrir um að grænar orkuframkvæmdir og tengdar framkvæmdir (s.s. flutnings- og dreifikerfis) séu í þágu brýnna almannahagsmuna (e. *overriding public interest*). Þá er í RED III mælt fyrir um að ríki skilgreini svo kölluð hröðunarsvæði þar sem leyfisveitingarferli eigi ekki taka meira en 12 mánuði og skýrar kröfur gerðar til stjórnsýslu leyfisveitinga.

3. Virkir notendur og orkusamfélög

Í 21. gr. tilskipunarinnar er fjallað um *virka notendur*, og rétt þeirra til að framleiða endurnýjanlega raforku, nota hana sjálfir, geyma og selja umframorku inn á raforkukerfið.

¹ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulögum, þingskjal 291-229. mál.

Í 22. gr. tilskipunarinnar er fjallað um rétt borgara, sveitarfélaga og fyrirtækja til að stofna orkusamfélög sem geta framleitt, neytt, geymt og selt endurnýjanlega orku og tekið þátt í raforkumarkaði.

Samorka styður innleiðingu þessara reglna inn í íslenskan rétt en bendir á að mikilvægt er að hafa náið samráð við dreifiveitur rafmagns, smásala á raforkumarkaði og Netorku til að tryggja megi öryggi og áreiðanleika í rekstri raforkukerfisins við innkomu nýrra aðila. Á þetta ekki síst við í tengslum við ábyrgð dreifiveitna á rekstri kerfisins, spennugæðum og afhendingaröryggi.

Þannig má gera ráð fyrir að uppfæra þurfi Tæknilega tengiskilmála raforku til að gera ráð fyrir virkum notendum og orkusamfélögum og þá kunna dreifiveitur að þurfa að aðlagja gjaldskrár sínar að umræddum kröfum. Mikilvægt er að þessar breytingar verði gerðar með hæfilegum fyrirvara og undirbúningi. Gera má ráð fyrir að aukin dreifð framleiðsla kalli á aukna umsýslu hjá dreifiveitum og styrkingu dreifikerfa. Samorka telur því mikilvægt að við innleiðingu þessara reglna verði gert ráð fyrir heimild fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða gjaldskrárumgjörð fyrir smærri framleiðslueiningar og orkusamfélög. Slíkt sé til þess fallið að forðast sértæka og tímafreka útreikninga, auk þess sem tryggja verður að kostnaður flytjist ekki með óhóflegum hætti yfir á aðra notendur dreifikerfa. Gjaldskrár þurfa þannig að styðja við þátttöku virkra notenda og orkusamfélaga án þess að grafa undan fjárhagslegum forsendum dreifiveitna til að sinna lögbundnu hlutverki sínu við uppbyggingu og rekstur dreifikerfa.

Samráð við innleiðingu reglnanna er forsenda þess að réttindi virkra notenda og orkusamfélaga verði útfærð með þeim hætti að þær styðji við orkuskipti og raski ekki öryggi, áreiðanleika eða hagkvæmni raforkukerfisins.

4. Lokaorð

Samorka styður markmið áformanna og leggur ríka áherslu á að ákvæði RED II og RED III um einföldun leyfisveitingarferla verði tekin upp í íslenskan rétt með skýrum og samræmdum hætti, þannig að þau skili raunverulegum ávinningi í framkvæmd. Þá er mikilvægt að við innleiðingu ákvæða um virka notendur og orkusamfélög verði haft samstarf við dreifiveitur til að tryggja megi öryggi kerfisins og jafnræði í gjaldskrárm.

Samorka er reiðubúin til áframhaldandi samráðs við stjórnvöld og samtals um útfærslu fyrirhugaðra breytinga.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur